

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um tónlistarskóla Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Reykjavíkurborg stofni tónlistarskóla með það að markmiði að halda kostnaði í lágmarki fyrir þau börn sem koma til með að sækja skólann og/eða skólana. Tónlistarskólinn á Klébergi, Kjalarnesi er eini tónlistarskólinn sem er alfarið rekinn af Reykjavíkurborg, annars er borgin með þjónustusamninga við 17 einkarekna tónlistarskóla. Þeir njóta styrkja frá Reykjavíkurborg og hafa sínar eigin gjaldskrár. Markmiðið með tillögunni er að koma á fót tónlistarskóla eða tónlistarskólum sem bjóða upp á vandað og fjölbreytt tónlistarnám með eins ódýrum hætti og vöð er á fyrir nemendur. Lagt er til að skoðað verði með hvaða hætti hægt sé að nýta byggingar borgarinnar í að veita umrædda þjónustu, líkt og skólabyggingar. Þannig má tryggja að tónlistarskólarnir séu í nærumhverfi barnanna. Þó að yfirlýst markmið frístundakortsins sé að öll börn og unglingar 6-18 ára í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum, þá dugar styrkurinn ekki til greiðslu á tónlistarnámi til lengdar og ófá dæmi um að hann dugi til greiðslu á tónlistarnámi yfirhöfuð. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg tryggi að öll börn sem hafa áhuga á því geti sótt tónlistarnám. Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að útfæra efni tillögunnar.

Greinargerð:

Öll börn eiga að geta tekið þátt í tónlistarnámi óháð efnahag, tónlistarnám á ekki einungis að standa þeim börnum til boða sem eiga foreldra eða forráðarmenn sem hafa efni á því að greiða námsgjöld fyrir börnin sín í tónlistarskóla. Eins og staðan er í dag rekur Reykjavíkurborg einn tónlistarskóla, hann er á Klébergi á Kjalarnesi. Þar kostar önnin 18.000 krónur og tvær annir eru yfir skólaárið. Tónlistarskólinn á Klébergi var stofnaður árið 1998 og var fyrst um sinn sér rekstrareining rekinn í húsnæði Klébergsskóla á skólatíma, síðar eða árið 2016 rann hann alfarið undir hatt Klébergsskóla. Á vefsíðu skólans má lesa nánar um sérstöðu hans en þar kemur fram að tónlistarskólinn á Klébergi sé starfræktur samtímis skólastarfinu í Klébergsskóla, í sama húsnæði. Tímarnir í tónlistarkennslu eru ýmist í frímínútum, matartíma eða á meðan á kennslu stendur en þó ekki alltaf á sama tíma í hverri viku, slíkt er gert til að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám samfara grunnskólanámi. Þarna má sjá hversu vel tónlistarkennsla rýmist innan grunnskólans og er lagt til að svipaðar útfærslur verði skoðaðar innan annarra hverfa borgarinnar. Til hliðsjónar má líka skoða annað dæmi frá öðru sveitarfélagi, Fjarðarbyggð en þar eru þrjú tónlistarskólar; Tónskóli Neskaupstaðar, Tónlistarskóli Eskifjarðar- og Reyðarfjarðar og Tónlistarskóli Fáskrúðs- og Stöðvarfjarðar þar sem starfsemin er staðsett í grunnskóla hvers staðar og allir íbúar Fjarðarbyggðar geta sótt um í tónlistarskólunum. Skólagjald fyrir einstaklinga 20 ára og yngri í fullu tónlistarnámi, sem eru 60 mínútur á viku, er 30.810 krónur.

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla Reykjavíkurborgar byggja á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra. Í 10. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla kemur fram að þeir tónlistarskólar sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við framangreinda kjarasamninga. Í 11. gr laganna kemur síðan fram að tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld og að skólagjöldunum sé ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun. Samkvæmt þjónustusamningi sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla er því gert ráð fyrir því að tónlistarskóli nýti árlegt fjárframlag frá borginni til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

Skólagjöld fyrir eitt ár í einkareknum tónlistarskólum í Reykjavíkurborg geta verið í kringum 100.000 krónur, jafnvel 200.000 þúsund krónur fyrir eitt barn og hér er um skóla að ræða sem

ekki öll börn hafa tök á því að mæta í. Ef hljóðfæri eru fyrir valinu í tónlistarnámi barnsins þarf oft að leigja hljóðfæri, jafnvel kaupa hljóðfæri í þeim tilfellum sem það er talið æskilegt. Aðgengi að tónlistarmenntun er gríðarlega mikilvæg og nauðsynlegt að börn fái tækifæri til að finna hvort að áhugasvið þeirra liggi þar, óháð efnahag. Frístundakortið er 50.000 krónur sem er styrkur sem er veittur að ári hverju og hægt er að ráðstafa upp í greiðslu á t.d. tónlistarnámi en þá stendur samt sem áður eftir mismunur sem er ekki á færi allra foreldra eða forráðarmanna að greiða og börn sem koma af efnaminni heimilum hafa því ekki færi á að læra á hljóðfæri eða fara í söngskóla. Í stað þess að gefa börnum inneignarkort sem hægt er að nota til að greiða inn á tómstundarstarfsemi er lagt til að þjónustan verði færð nær börnunum með þessum hætti, þannig að Reykjavíkurborg sjái um að reka tónlistarnám og bjóði þannig þeim sem ekki hafa efni á dýru námi upp á að aðgengi á tónlistarnámi í gegnum Reykjavíkurborg.

Stýrihópur um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík vinnur nú að stefnumótun um málefnið með áherslu á jöfn tækifæri barna og ungmenna til tónlistarnáms, almennt aðgengi barna að tónlistarnámi óháð búsetu og efnahag, fjölbreytni varðandi framboð tónlistarnáms og kennsluhætti og aukið samstarf tónlistarskóla við leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar og skólahljómsveitir í borginni. Þetta er gert í ljósi þeirra jákvæðu áhrifa sem rannsóknir sýna fram á að tónlistarnám hafi á námshæfni, vellíðan, heilbrigði og í samræmi við fyrirheit nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar um eflingu listnáms. Tillaga um tónlistarskóla Reykjavíkurborgar fellur vel að þessum áherslum, þar sem útgangspunkturinn er að tryggja öllum börnum aðgengi að tónlistarnámi.